

Nefndasvið Alþingis  
b.t. atvinnuveganefndar Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. maí 2015

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu búvöru, lögum um Matvælastofnun og tollalögum (694. mál).**

Vísað er til frumvarps til laga um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu búvöru, lögum um Matvælastofnun og tollalögum, á þingskjali 1168.


Félag atvinnurekenda tekur undir nauðsyn þess að skýra línur og færa lögbundin stjórnsýsluverkefni frá Bændasamtökum Íslands til undirstofnana atvinnuvegaráðuneytisins. Að fela hagsmunasamtökum stjórnsýsluverkefni sem fjármögnuð eru af skattfé og eiga að vera unnin af hlutlægni er ótækt, eins og Ríkisendurskoðun hefur ítrekað bent á.

FA fagnar því sömuleiðis að í þágu einföldunar regluverks og til að minnka skrifræði verði verðskerðingargjald fellt niður. Félagið er raunar þeirrar skoðunar að taka mætti til hendinni mun rækilegar í millifærslufrumskógi landbúnaðarkerfisins.

Í frumvarpinu er ráð fyrir því gert að Matvælastofnun verði falið að safna og birta upplýsingar um framleiðslu búvara, vinnslu þeirra og sölu. FA bindur vonir við að það leiði til þess að upplýsingaöflunin verði vandaðri og miðlun upplýsinganna opnari og gegnsærri en verið hefur, á meðan það var hlutverk Bændasamtakanna að safna og miðla upplýsingunum.

FA mælir með samþykkt frumvarpsins en áskilur sér þó rétt til að koma að frekari athugasemdum á síðari stigum. Félagið lýsir sig jafnframt reiðubúið til að funda um efnið sé þess óskað.

Virðingarfyllst,  
Félag atvinnurekenda

  
Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri FA